



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 3. desember 2018
1812003 JFK


Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (brottfall um kröfu um ríkisborgararétt) – Þingskjal 45- 45. mál

Jafnréttisstofa hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem er lagt til að felld verði brott sú almenna krafa um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að ríkisstarfsmenn þurfi að hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt frá öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum.

Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og telur að sú breyting sem það hefur í för með sé til góðs. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu sker Ísland sig úr meðal norrænna ríkja hvað ákvæðið varðar en þar eru störf hjá ríkinu aðgengileg þeim sem hafa tilskilinn atvinnuleyfi.

Með vísan til ofangreinds hvetur Jafnréttisstofa til þess að frumvarp þetta verði samþykkt.

F.h. Jafnréttisstofu,



Jón Fannar Kolbeinsson